# EXCELLENCE COMPACT TOUCH

## Notendahandbók



**PN: 6165417_06**

**Dagsetning: 07.2.2024**

# Innihald

**1- Öryggisleiðbeiningar ... 4**

**2- Tæknilegar upplýsingar ... 6**

2.1 Nákvæm skilgreining ... 6

2.2. Mál ... 7

**3- Yfirlit hluta, lýsing ... 8**

3.1 Séð að framan ... 8

3.2 Séð að innan ... 8

3.3 Virkni hnappa ... 9

3.4 Yfirlit skjás ... 9

**4- Ræsing og geymsla kaffivélarinnar ... 10**

4.1- Ræsing kaffivélarinnar ... 10

4.2 Geymsla kaffivélarinnar ... 10

**5- Meðhöndlun á innihaldi pakka ... 11**

**6- Dagleg notkun ... 12**

6.1 Afgreiðsla á kaffibolla eða heitu vatni ... 12

6.2 Afgreiðsla á könnu af kaffi(sumir valmöguleikar eru ekki tiltækir alls staðar) ... 12

6.3 Drykkjarafhending með forvali (sumir valkostir eru ekki í boði á öllum markaðssvæðum) ... 13

6.4 Skipti á innihaldi pakka ... 14

6.5 Áfylling innihaldshylkis ... 14

6.6 Áfylling vatnsgeymis ... 15

6.7 Greiðsluvinnsla ... 16

6.71 Hvernig nota skal myntgreiðslukerfið ... 16

**7- Þrif ... 17**

7.1 Gangsetning þrifáætlunar ... 17

7.2 Þrifverklag ... 17

7.3 Þrif að utan ... 17

7.4 Skolun ... 18

7.5 Þrif á opi skammtara og kæliboxi ... 19

7.6 Fjarlæging og þrif blöndunarbakka ... 20

7.7 Blöndunarkerfið tekið í sundur ... 21

7.8 Þrif á hlutum blöndunarkerfis ... 22

7.9 Blöndunarkerfið sett aftur saman ... 22

7.10 Endurnýjun kaffihylkja og skolun úttaka ... 23

7.11 Þrif á svamploftsíu ... 24

7.12 Þrif á vatnsgeymi ... 25

# Innihald


**8- Forritun notanda ........ 26**

8.1 Virkjun stjórnandastillingar ........ 26

8.2 Stjórnbúnaður stjórnandastillingar ........ 26

8.4 Læstar stillingaaðgerðir ........ 27

8.4 Drykkjarstillingar ........ 28

8.5 Endurstillanlegir teljarar ........ 29

8.6 Fastir teljarar ........ 30

8.7 Síuteljari ........ 31

8.8 Dagsetning/tími ........ 32

8.9 Þrifdagur ........ 33

8.10 Sparnaðarstillingar ........ 34

8.11 Samskiptaupplýsingar ........ 35

8.12 Bókhald ........ 36

8.13 Happy Hour ........ 37

**9- Bilanaleit ........ 38**

# 1- Öryggisleiðbeiningar

## 1.1 Inngangur

Eftirfarandi almennu varúðarráðstafanir eiga við notkun og viðhald á kaffivélinni og þarf ávallt að fylgja.
Ef þessum leiðbeiningum er ekki fylgt, eða öðrum varúðarráðstöfunum í þessari handbók, getur það skert öryggiseiginleika kaffivélarinnar og mögulega leitt til hættulegra aðstæðna og skemmda á kaffivélinni sem framleiðandinn ber enga ábyrgð á.

Uppsetning, þjónusta og forritun kaffivélarinnar takmarkast við viðurkennda og þjálfaða þjónustuaðila.

**Hættustig-**

Þrjú mismunandi hættustig eru til staðar sem gefin eru til kynnar með viðvörunarorðunum DANGER (HÆTTA), WARNING (VIÐVÖRUN) og CAUTION (AÐVÖRUN). Fylgja skal ávallt þessum viðvörunum til að tryggja öryggi og koma í veg fyrir líkamstjón og skemmdum á vöru.

Hættustig er ákvarðað með eftirfarandi skilgreiningum:

***Aðvörun:***
Viðvaranir um óöruggar starfsvenjur. Fylgdu þessum viðvörunum til að tryggja öryggi matvæla, til að koma í veg fyrir lítilsháttar líkamstjón og/eða skemmdir á kaffivélinni.

***Viðvörun:***
Bendir á hættulegar aðstæður sem gætu leitt til alvarlegra líkamsáverka eða jafnvel dauða ef er ekki hindrað.

***Hætta:***
**BENDIR Á YFIRVOFANDI HÆTTULEGAR AÐSTÆÐUR SEM LEIÐIR TIL ALVARLEGRA LÍKAMSÁVERKA EÐA JAFNVEL DAUÐA EF EKKI ER REYNT AÐ FORÐAST ÞÆR.**

***Ath.:***
Veitir viðbótarupplýsingar sem geta verið gagnlegar meðan á þjónustuaðgerðum eða notkun kaffivélarinnar stendur.

## 1.2 Almennt

- Uppsetning, áfylling og þrif kaffivélarinnar takmarkast við viðurkennda og þjálfaða þjónustuaðila. Gæta skal að því að nýtt starfsfólk lesi notkunarhandbókina vandlega áður en það notar kaffivélina og skilji þá öryggis- og hreinlætisþætti sem henni tengjast. Útprentuð þrifmerking til leiðbeiningar og tilvísunarhandbók fylgir til uppsláttar.
- Aðeins má nota kaffivélina í samræmi við leiðbeiningarnar í þessari notkunarhandbók fyrir lögun drykkja. Framleiðandinn ber enga ábyrgð á tjóni eða líkamsáverkum sem orsakast af óviðeigandi notkun kaffivélarinnar eða vegna þess að verklaginu sem lýst er í þessari notkunarhandbók er ekki fylgt.
- Þessa kaffivél geta börn notað frá 8 ára aldri sem og einstaklingar sem hafa skerta líkamlega, skynjunarlega eða andlega færni, eða þeir einstaklingar sem skortir reynslu og þekkingu, ef þeir hafa fengið kennslu eða leiðbeiningar varðandi notkun á búnaðinum á öruggan hátt og skilja þær hættur sem eru til staðar.
- Börn verða að vera undir eftirliti til að tryggja að þau leiki sér ekki með kaffivélina.
- Börn mega ekki sinna þrifum og viðhaldi.
- Uppsetning, flutningur (útgáfa með föstu vatni/frárennsli), þjónusta og forritun kaffivélarinnar takmarkast við viðurkennda og þjálfaða þjónustuaðila. Þjónustusviðið takmarkast við einstakinga sem búa yfir

þekkingu og hagnýtri reynslu í vélinni, einkum hvað varðar öryggi og hreinlæti.

- Ekki er hentugt að koma þessari kaffivél fyrir þar sem háþrýstiþvottabúnaður er hugsanlega notaður.
- Kaffivélina má ekki þrífa með háþrýstiþvottabúnaði.
- Kaffivélin hentar ekki til notkunar utandyra.
- Verðu kaffivélina gegn rennandi vatni, skvettum, úða eða gufu, sem og hita og miklu ryki.
- Vökvinn sem kaffivélin afgreiðir er heitur!
- Forðastu bruna!
- Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá kaffivélinni þegar drykkir eru unnir og meðan skolun á sér stað.
- Ekki setja bolla, könnur eða ílát full af heitum vökva ofan á kaffivélina.
- Hætta er húðbruna ef bolli/kanna/ílát dettur. Farðu varlega þegar þú meðhöndlar þau.
- Hafðu nægjanlegt rými í kringum kaffivélina svo að auðvelt er að komast frá ef heitur vökvi byrjar að skvettast.
- Snertu aldrei aflgjafa eða rafmagnssnúru þegar hendur þínar eru blautar og/eða rafmagnssnúra eða tengikló eru blautar.
- Ef rafmagnssnúran á kaffivélinni er skemmd, skal taka hana úr innstungunni og hafa samband við þjónustuaðila til að skipta um snúruna.
- Kaffivélin er hönnuð til notkunar innandyra á stöðugu, flötu yfirborði eins og borði. Verðu kaffivélina fyrir beinu sólarljósi, frosti og regni.
- Vertu viss um að það sé nægjanlegt rými fyrir loftræstingu í kringum kaffivélina, og að fram- og afturhliðar séu aðgengilegar.
- Notaðu aðeins vatnsslöngur og tengi í samræmi við landslög.
- Tengdu kaffivélina við drykkjarvatn í samræmi við landslög. Ef um valkosti er að ræða með köldum drykkjum skal prófa gæði vatnsins til að tryggja lögun kaldra drykkja í samræmi við landslög.
- Við tengingu við rafmagnsinnstungu í vegg skal nota jarðtengda innstungu sem er í samræmi við landslög. Tryggðu að rafrásin sé varin með jarðtengdum öryggisrofa og að kló aflgjafa sé aðgengileg eftir uppsetningu.

## 1.3 Flutningur og geymsla

- Geymdu og fluttu kaffivélina alltaf í upphaflegum umbúðum.
- Fyrir geymslu og flutning á kaffivélinni skal fjarlægja kaffihylki og koma þeim fyrir í kæliskáp, tæma ílát fyrir vörur í duftformi og þrífa (ef kaffivélin er búin slíku)
- Ekki geyma kaffihylki í kaffivélinni ef þú hefur í hug að geyma kaffivélina.
- Þrífðu kaffivélina.
- Hafðu samband við söluaðila þannig að viðurkenndur og þjálfaður þjónustuaðili geti tæmt vatn af katlinum og varið kaffivélina gegn frostskemmdum.

***Aðvörun:***
Kaffivélin má ekki verða fyrir hitastigi undir frostmarki meðan á notkun, geymslu eða flutningi stendur.

# 2- Tæknilegar upplýsingar

## 2.1 Nákvæm skilgreining

| Staðreyndir | Lýsing |
|---|---|
| **Þyngd** | 22 kg (tóm) - 24 Kg (starfhæf, útgáfa án vatnsgeymis)<br>*27 kg (starfhæf með fullum vatnsgeymi)* |
| **Bolli** | Magn: Verksmiðjustilling = 125 ml stillanlegt ±10% |
| **Kanna** | Verksmiðjustilling = 900 ml stillanleg ±10%<br>Afgreiðslutími: 110 sekúndur ±10%<br>Hámarks hæð: 160 ml |
| **Hlé milli kanna** | 160 sekúndur (230 V) |
| **Aflgjafi** | 230 V, 50/60 Hz |
| **Orkunotkun** | 2,1kW - 230 V |
| **Afköst** | 150 bollar á klukkustund (±18,75 lítrar á klukkustund) |
| **Geymslu- og notkunarumhverfi** | Hitastig: 1 - 34 °C<br>Raki: Allt að 80% |
| **Kælihólf** | Afköst: 2 x 1,25 l pakkningar<br>Hitastig: 2 °C – 5 °C |
| **Afköst hylkis** | Súkkulaði: 1,2 kg (~55 bollar)<br>Toppur: 1,1 kg (~80 bollar)<br>Te: 1,2 kg (~1700 bollar)<br>Sykur: 0,8 kg (~230 bollar)<br>Skyndikaffi: 0,7 kg (~350 bollar) |
| **Ketill** | Rúmmál: 1,2 lítrar<br>Hitastig. Stillanlegt frá 83 – 97 °C |
| **Venjuleg vatnstenging** | 1/2" eða 3/8" hleðsluleiðsla með 3/4" BSP tengi,<br>vatnsleiðsla með stopploka.<br>*Vatnsgeymir sem hægt er að fjarlægja, rúmmál: 3 lítrar* |
| **Kraftmikill vatnsþrýstingur** | Lágm.: 0,08 MPa við 10 lítra/mín. |
| **Stöðugur vatnsþrýstingur** | Hám.: 1,0 MPa |
| **Hámarks hávaðastig** | < 49 dB(A) |

# 2- Tæknilegar upplýsingar

## 2.2. Mál

| Staðsetning | Lýsing | Millimetrar |
|---|---|---|
| A | Hæð kaffivélar | 562 |
| B | Fjarlægð frá efsta hluta kaffivélar til framhliðar opnu hurðarinnar | 193 |
| C | Breidd kaffivélar | 390 |
| D | Dýpt kaffivélar | 426 |
| E | Hæð kaffivélar með hurð opna | 755 |
| F | Dýpt kaffivélar með hurð opna | 500 |
| G | Bil með lekabakka á sínum stað | 130 |
| H | Bil ef lekabakki er fjarlægður | 165 |



# 3- Yfirlit hluta, lýsing

## 3.1 Séð að framan




## 3.2 Séð að innan



# 3- Yfirlit hluta, lýsing

*i* ***Ath.:***
Sumir valmöguleikar eru ekki tiltækir alls staðar.

## 3.3 Virkni hnappa




## 3.4 Yfirlit skjás




| Táknsvæði (C) Skýring | |
|---|---|
|  | Vatnsgeymir tómur |
|  | Engin mjólk, ytra mjólkurkerfi |
|  | Upphitun ketils |
|  | Kalkhreinsun nauðsynleg |
|  | Þrif nauðsynleg |
|  | Síuskipti nauðsynleg |

Skilaboðasvæði (A) – skjáskilaboð*, skömmtun ekki möguleg
Skilaboðasvæði (B) – skjáskilaboð*, skömmtun enn möguleg
Táknsvæði (C) - smelltu á tákn til að opna skilaboðasvæði (B)
*Sjá hlutann Bilanaleit til að fá upplýsingar um skilaboð.

# 4- Ræsing og geymsla kaffivélarinnar

## 4.1- Ræsing kaffivélarinnar




- Komdu kaffivélinni á flatt lárétt yfirborð sem hannað er til að bera notkunarþyngd kaffivélarinnar.
- Tengdu inntaksslöngu vatns (A í A) og opnaðu síðan fyrir vatnskranann/-síuna (B í B). Athugaðu með leka.
- Tengdu rafmagnssnúruna (C í C) og stingu klóinni í veggtengilinn (D í D), kaffivélin fer sjálfkrafa í gang, fyllir á og hitar ketilinn og fer að kæla kælihólfið. Lögun drykkja er stöðvuð þar til vatnið í katlinum hefur náð réttu hitastigi.

> ***Ath.:***
> Það getur tekið 24 klukkustundir eða meira fyrir kælihólfið að kólna að fullu.

## 4.2 Geymsla kaffivélarinnar

Gerðu eftirfarandi varúðarráðstafanir þegar kaffivélin verður ekki notuð í langan tíma (t.d. í sumarfríum):

- Fjarlægðu kaffihylki og athugaðu fyrningardag. Ef þau renna út fljótlega ætti að farga þeim.
- Geymdu óopnuð kaffihylki í kæliskáp þar til þú kveikir á kaffivélinni og hún hefur kólnað að nýju. Ef hylkin hafa runnið út ætti að farga þeim.
- Tæmdu innihald í duftformi og þrífðu blöndunarhlutana.
- Þrífðu og skolaðu kaffivélina.
- Taktu rafmagnsklóna úr innstungunni.
- Lokaðu fyrir vatnskranann.

> ***Ath.:***
> Ef slökkt hefur verið á kaffivélinni í langan tíma, verður að endurstilla dagsetningu og tíma þannig að forrituð hreinsunarhringrás og sparnaðarstillingar eru endurvirkjaðar.

# 5- Meðhöndlun á innihaldi pakka

***Ath.:***

- Hafðu alltaf lágmarks perónulegt hreinlæti í huga og þvoðu hendur áður en þú meðhöndlar kaffihylkin.
- Notaðu aðeins hreinsiefni sem hæf eru til matvælavinnslu fyrir kaffivélina. Þrífðu ytri hluta kaffivélarinnar með mjúkum, hreinum, rökum klút.
- Notaðu aðeins ferskt drykkjarvatn.




- Þvoðu hendurnar fyrst, hristu hylkið að minnsta kosti 10 sinnum og fjarlægðu plastfilmuna.
- Togaðu götóttu ræmuna aftur á hylkinu.
- Taktu skömmtunarrörið úr hylkinu.
- Togaðu skömmtunarrörið að rauða hringnum á hylkinu.
- Rauði hringurinn á skömmtunarrörinu verður að hylja rauða hringinn utan á hylkinu. Athugaðu hvort að skömmtunarrörið sé beint og rétt staðsett.
- Snúðu hylkinu við og komdu fyrir í kaffivélinni.

# 6- Dagleg notkun

## 6.1 Afgreiðsla á kaffibolla eða heitu vatni




- Komdu bolla fyrir á lekabakkanum undir miðúttaksrörinu fyrir kaffi (A) eða undir vinstra úttaksrörinu fyrir heitt vatn (B).
- Þrýstu á viðeigandi drykkjarhnapp.

  ***Viðvörun:***
  - Lagaðir drykkir eru heitir! Forðastu bruna!
  - Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá kaffivélinni þegar drykkir eru afgreiddir.
  - Skildu börn aldrei eftir án eftirlits nálægt kaffivélinni.

- Þegar forritað er fyrir skammtað flæði mun kaffivélin afgreiða kaffi eða heitt vatn frá einu eða öðru úttaksrörinu, allt eftir vali á drykk og stöðva sjálfkrafa eftir að einn bolli hefur verið afgreiddur.
- Þegar forritað er fyrir frjálst flæði skal þrýsta og halda inni hnappinum fyrir heitt vatn þar til kaffivélin hefur afgreitt viðeigandi magn af heitu vatni (kaffi og aðra heita drykki er ekki hægt að laga í frjálsu flæði).
- Ýttu á **STÖÐVA**-hnappinn hvenær sem er til að hætta afgreiðslu á drykk.

## 6.2 Afgreiðsla á **könnu af kaffi** (sumir valmöguleikar eru ekki tiltækir alls staðar)



- Settu könnu undir miðúttakið (kaffi), stilltu magnið með því að renna vísi upp eða niður að viðeigandi styrk og þrýstu á hnappinn fyrir könnu.

  ***Viðvörun:***
  - Lagaðir drykkir eru heitir!Forðastu bruna!
  - Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá kaffivélinni þegar drykkir eru afgreiddir.
  - Skildu börn aldrei eftir án eftirlits nálægt kaffivélinni.

- Kaffivélin mun afgreiða kaffi stöðugt frá miðúttaksrörinu og stöðva þegar forstillta magnið hefur verið afgreitt.
- Ýttu á **STÖÐVA**-hnappinn hvenær sem er til að hætta afgreiðslu á drykk.
- Þú getur einnig ýtt á **STÖÐVA**-hnappinn ef þú vilt afgreiða hvaða magn sem er, sem er minna en forstillt magn.

# 6- Dagleg notkun

**6.3 Drykkjarafhending með forvali** (sumir valkostir eru ekki í boði á öllum markaðssvæðum)

Kaffivélin þín styður forval. Þjónustuaðilinn kann að virkja forval við uppsetningu. Þegar þrýst er á forvalshnappinn er hægt að virkja eftirfarandi forval.

- Styrkleiki kaffis (mildur, venjulegur eða sterkur drykkur)
- Magn kaffis (lítill, miðlungs eða stór drykkur)
- Mjólkurmagn
- Bæta við aukasykri (3 skref)




## Forval styrkleika kaffis

- Komdu bolla þínum fyrir. Þrýstu á viðeigandi drykkjarhnapp.
- Auktu **STYRKLEIKANN** með því að renna vísi til hægri þar til þú hefur náð viðeigandi stillingu (baunafjöldi gefur til kynna styrkleika fleiri baunir = sterkara kaffi).
- Ýttu á **RÆSA** hnappinn til að hefja afgreiðslu.




## Forval magn kaffis

- Komdu bolla þínum fyrir. Þrýstu á viðeigandi drykkjarhnapp.
- Renndu tákninu fyrir **MAGN** þar til þú nær viðeigandi drykkjarstærð (lítill, miðlungs eða stór).
- Ýttu á **RÆSA** hnappinn til að hefja afgreiðslu.




## Forval fyrir mjólkurmagn

- Komdu bolla þínum fyrir. Þrýstu á viðeigandi drykkjarhnapp.
- Renndu tákninu fyrir **MJÓLK** upp eða niður þar til þú hefur náð viðeigandi hlutfalli mjólkurs í kaffi.
- Ýttu á **RÆSA** hnappinn til að hefja afgreiðslu.




## Forval til að bæta við aukasykri

- Komdu bolla þínum fyrir. Þrýstu á viðeigandi drykkjarhnapp.
- Dragðu táknið fyrir **SYKUR**, einn mola í einu þar til þú hefur náð viðeigandi magni (hámarks magn eru þrír molar).
- Ýttu á **RÆSA** hnappinn til að hefja afgreiðslu.

# 6- Dagleg notkun

## 6.4 Skipti á innihaldi pakka



Skjárinn sýnir tákn þegar innihaldshylki er tómt öðru hvoru megin (á myndinni er vinstra hylki er tómt).
Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan til að skipta um kaffihylki.

⚠ ***Aðvörun:***
Notaðu aldrei frosið eða skemmt kaffihylki. Ekki nota kaffihylki ef dagsetning „Best fyrir" er runnin út.



1. Opnaðu hurð kaffivélarinnar til að fá aðgang að kælihólfinu og kaffihylkjunum.



2. Fjarlægðu tóma kaffihylkið og komdu nýju fyrir.

## 6.5 Áfylling innihaldshylkis (Aðeins fyrir kaffivélar sem eru með skyndivalkost)




1. Opnaðu hurð kaffivélarinnar, snúðu úttaki hylkis upp á við til að forðast það að hellist niður á kaffivélina.




2. Taktu hylkið úr kaffivélinni. Lyftu fremri hluta hylkisins fyrst svo að pinninn losi það úr stöðu sinni. Þegar fremri hlutinn er kominn um 5 mm upp getur þú togað hylkið út.

# 6- Dagleg notkun



3. Fylltu á hylkið með viðeigandi innihaldi.



4. Settu hylkið aftur í kaffivélina, tryggðu að pinninn neðst framan á hylkinu fari í gatið.
   Snúðu úttaki hylkisins svo að það snúi að blöndunarskálinni, lokaðu hurðinni og þá er kaffivélin tilbúin til notkunar.

## 6.6 Áfylling vatnsgeymis



Aðeins fyrir kaffivélar sem eru með vatnsgeymi.

Skjárinn sýnir tákn og áfyllingarleiðbeiningar á skjánum þegar innri vatnsgeymir er tómur (A). Í þessari stöðu getur kaffivélin ekki afgreitt drykki (B), hún aflæsist þegar fyllt hefur verið á geyminn.

Fylgdu leiðbeiningum um endurfyllingu á vatnsgeymi.



1. Taktu um handfangið á geyminum að framan. Þrýstu rétt upp á meðan þú togar geyminn út.




2. Fylltu geyminn upp á MAX-merkinu (3 L) með fersku og köldu kranavatni.



3. Komdu vatnsgeyminum aftur fyrir í kaffivélinni. Þrýstu alla leið á geyminn þar til hann krækist í að framan.

# 6- Dagleg notkun

## 6.7 Greiðsluvinnsla




Mynd 1



Mynd 2




Mynd 3

### 6.71 Hvernig nota skal myntgreiðslukerfið

1. Þegar kaffivélin er búin myntbúnaði sýnir skjárinn “***SETTU MYNT Í***” og birtir núverandi inneign efst hægra megin með orðunum “***INNEIGN X.XX***”. (sjá mynd 1)

2. Ef þú ýtir á drykkjarhnappinn áður en þú setur mynt í sýnir skjárinn verð fyrir drykkinn. (Sjá mynd 2).

3. Settu mynt í myndbúnaðinn.
   A. Ef skjárinn sýnir “***VERÐ X.XX***” telur hann niður og sýnir eftirstandandi verð á meðan þú stingur mynt í.
   B. Ef þú setur mynt í áður en þú ýtir á drykkjarhnapp. "INNEIGN" upphæðin hækkar og sýnir hve mikið þú hefur sett í.

4. Þegar þú hefur sett nógu mikið í mun kaffivélin opnast og sýna hakmerki við hliðina á verði fyrir drykk. (Sjá mynd 3).

5. Settu bolla undir úttak A eða B og veldu síðan þann drykk sem þú vilt fá afgreiddan. (Sjá mynd 3).

   Ef kaffivélin er að nota fjölafgreiðslu er eftirstandandi inneign sett í minnið og birtist eftir að drykkjarlögun er lokið.
   Dæmi: Ef þú setur 1 evru í og drykkurinn kostar 0,50 evru. Þegar drykkurinn hefur verið lagaður er þér sýnt að þú eigir 0,50 evru inneign.

***Ath.:***
Tákn, skjáskilaboð og virkni getur verið önnur en sýnd er á þessari síðu. Slíkt ræðst af því greiðslukerfi sem uppsett er í kaffivélinni. Hafðu samband við söluaðila okkar ef þú hefur fleiri spurningar varðandi sérsniðið greiðslukerfi.

***Ath.:***
Forval (styrkleiki/magn) má velja áður en þú velur drykk.

# 7- Þrif

## 7.1 Gangsetning þrifáætlunar



### 7.11 Hvernig nota skal myntgreiðslukerfið

Þegar komið er að áætluðum þrifum:

1. Þegar komið er að áætluðum þrifum birtist tákn í efra, hægra horni. Ýttu á táknið til að hefja þrifforritið.

Þegar komið er fram yfir áætluð þrif:

2. Ef komið er fram yfir áætluð þrif hættir vélin að afgreiða drykki. Þá skaltu hefja þrif og fylgja leiðbeiningunum sem birtast.

## 7.2 Þrifverklag



Það eru tvö mismunandi þrifforrit:

- “**Skolun**” drykkjarúttaksrörs.
- “**Þrif**” fyrir kælihólfið og drykkjarúttaksrör.

Þjónustuaðili getur valið vikudaga fyrir “**Skolun**” og “**Þrif**” forrit í valmynd stjórnanda undir **ÞRIFDAGAR**.

***Aðvörun:***
Það er skylda að keyra “**Skolun**” forritið að minnsta kosti einu sinni í viku til að tryggja öryggi matvæla.

**Hvenær á að þrífa kaffivélina**

Keyrðu þrifforritið þegar þriftáknið birtist á skjánum (sjá mynd 1).
Ef kaffivélin er ekki þrifin og/eða skoluð innan 24 klukkustunda.
Þrifforritið verður að ljúka þrifum áður en kaffivélin afgreiðir drykki á ný.

## 7.3 Þrif að utan



Mynd 3

***Ath.:***
Það er ráðlagt að þrífa kaffivélina að utanverðu daglega. Til að koma í veg fyrir afgreiðslu drykkja fyrir slysni á meðan verið er að þrífa svæði í kringum skjáinn getur þú læst afgreiðslu drykkja með því að opna hurðina og ýta á hnappinn “Biðstaða”. Síðan geturðu ýtt aftur á "Biðstaða" til að fara aftur í hefðbundna afgreiðslu.

1. Fjarlægðu lekabakkann og tæmdu ef þess er þörf (mynd 3). Þrífðu hann með klúti eða bursta undir heitu rennandi vatni.
2. Þrífðu kaffivélina að utan með rökum, hreinum klúti.

# 7- Þrif

## 7.4 Skolun




Mynd 1




Mynd 2




Mynd 3




Mynd 4




Mynd 5

***Ath.:***

Þú getur skolað kaffivélina hvenær sem er með því að nota verklagsreglurnar sem lýst er hér að neðan.

1. Settu USB-kubb í og veldu **VIÐHALD** (A) ýttu síðan á **SKOLUN: Ræsa núna** (B) til að hefja skolunarstillingu (sjá mynd 1).
2. Skjárinn mun sýna: ***SETTU AÐ LÁGMARKI 3 L ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ HEFJA SKOLUN*** (sjá mynd 2)
3. Settu 3 lítra ílát (sjá mynd 3) undir drykkjarúttaksrörin, ýttu síðan á **RÆSA** (sjá mynd 4).
4. Kaffivélin hefur skolun sjálfkrafa (sjá mynd 5). ***VARÚÐ HEITIR VÖKVAR*** birtist á skjánum. Fjarlægðu ílátið þegar skolun er lokið og losaðu þig við vatnið. Núna er kaffivélin tilbúin í hefðbundna afgreiðslu drykkja.

***Viðvörun:***

Skolvatnið er mjög heitt! Forðastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá kaffivélinni í skolferlinu. Aldrei skal leyfa börnum að framkvæma skolverklag.

# 7- Þrif

## 7.5 Þrif á opi skammtara og kæliboxi




Mynd 1



Mynd 2




Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5




Mynd 6

1. Ýttu á **VIÐHALD** (A) (sjá mynd 1).
2. Fjarlægðu drykkjarhylkið (sjá mynd 2). Skjárinn sýnir: ***FJARLÆGJA KAFFIHYLKI, ÞRÍFA KÆLIHÓLF, ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ STAÐFESTA*** (Sjá mynd 3).
3. Opnaðu hurð kaffivélarinnar og fjarlægðu kaffihylkin (sjá mynd 3).
4. Þrífðu op skammtarans með bursta og kælihólfið að innanverðu með hreinum, rökum klút og þurrkaðu með hreinum klút eða pappír (sjá mynd 4). Skiptu síðan um kaffihylki (sjá mynd 5).
5. Skjárinn sýnir ***ÞRÍFA KÆLIHÓLF ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ STAÐFESTA***, ýttu á **ENTER** til að staðfesta og halda áfram. Skjárinn sýnir: ***FJARLÆGJA OG ÞRÍFA BLÖNDUNARBAKKA*** (sjá mynd 6). Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum til að þrífa bakkann.

(Farðu á næstu síðu).

# 7- Þrif

## 7.6 Fjarlæging og þrif blöndunarbakka




Mynd 1




Mynd 2




Mynd 3




Mynd 4

1. Fjarlægðu blöndunarbakkann.
   A. Opnaðu stjórnborð vatnsvinnslu (A) (sjá mynd 1).
   B. Togaðu blöndunarbakkann út (B) (sjá mynd 1).

***Ath.:***
Mælt er með að notast sé við þjónustubúnað, sem inniheldur hreinan blöndunarbakka, til að stytta afgreiðslutíma. Þannig er hægt að þrífa óhreina hluta og skipta í næsta sinn sem blöndunarbakkinn er þrifinn.

2. Settu blöndunarpakkann í ílát með samþykktu hreinsiefni sem er hæft til matvælavinnslu á staðnum og og heitu vatni og láttu liggja í um 20 mínútur (sjá mynd 3). Skolaðu með hreinu vatni og þurrkaðu áður en skipt er um. (Farðu á næstu síðu).

***Ath.:***
Fylgdu öryggis- og þrifleiðbeiningum sem er að finna á umbúðum hreinsiefnisins.
Að auki má þvo blöndunarbakkann í uppþvottavél.

4. Skjárinn mun sýna: ***SETJA AFTUR UPP BLÖNDUNARBAKKA, SETJA AFTUR UPP STJÓRNBORÐ VATNSVINNSLU***, renndu hreinum blöndunarbakkanum í upphaflega stöðu (A) og lokaðu stjórnborði vatnsvinnslu (B) (sjá mynd 4).

***Ath.:***
Skynjari greinir hvort blöndunarbakkinn sé í réttri stöðu. Ekki er hægt að halda þrifferlinu áfram fyrr en blöndunarbakkanum hefur verið komið fyrir á réttum stað.

***Viðvörun:***
Skolvatnið er mjög heitt! Forðastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá kaffivélinni í skolferlinu. Aldrei skal leyfa börnum að framkvæma þrifverklag.

# 7- Þrif

## 7.7 Blöndunarkerfið tekið í sundur

Ef kaffivélin er búinn skyndivalkosti sýnir skjárinn:
***ÞRÍFA BLÖNDUNARSKÁL ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ STAÐFESTA.***
Vinsamlegast framkvæmdu öll skrefin í punkti 7.7 áður en þú ýtir á ***ENTER*** eða notaðu aðra blöndunarskál til að spara tíma. Ef kaffivélin er ekki með skyndivalkosti skaltu sleppa þessu skrefi.

Fylgdu skrefunum hér fyrir neðan til að fjarlægja og þrífa blöndunarskálina:




Mynd 1 - Skjárinn mun sýna FJARLÆGJA OG ÞRÍFA BLÖNDUNARSKÁL, SETJA AFTUR UPP BLÖNDUNARSKÁL, ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ STAÐFESTA.




Mynd 2 - Opnaðu stjórnborð vatnsvinnslu (1), togaðu úttakstengi af blöndunarskálinni (2) og togaðu úttakstengi af klemmunni (3).




Mynd 3 - Snúðu festiplötunni rangsælis í Aflæsa stöðu (A).



Mynd 4 - Fjarlægðu blöndunarskálina með því að toga hana beint út.




Mynd 5 - Notaðu verkfærið sem fylgir til að fjarlægja þeytarann. Settu verkfærið fyrir aftan þeytirinn. Þrýstu verkfærinu létt á handfangið til að losa þeytirinn (1). Togaðu þeytirinn út (2).




Mynd 6 Snúðu festiplötunni rangsælis yfir "Fjarlægja" stöðu þar til hún hættir að snúast (1). Togaðu plötuna út (2).



Mynd 7 Fjarlægðu gufusíuna og hlíf hennar.

# 7- Þrif

## 7.8 Þrif á hlutum blöndunarkerfis




Mynd 1

1. Settu alla hluta blöndunarkerfis í ílát með samþykktu hreinsiefni sem er hæft til matvælavinnslu á staðnum og og heitu vatni og láttu liggja í um 20 mínútur (sjá mynd 1).

***Ath.:***
Notaðu pípuhreinsi til að hreinsa rörin.
Fylgd öryggis- og þrifleiðbeiningum sem er að finna á umbúðum hreinsiefnisins. Hluta blöndunarkerfis má einnig þvo í uppþvottavél.

## 7.9 Blöndunarkerfið sett aftur saman



Mynd 2




Mynd 3

1. Skiptu um síuna og hlíf hennar. (Sjá mynd 2)
2. Skiptu um festiplötuna á hreyfli og ás blandarans. Láttu örina á þeytinum flútta við flöt ássins. Þrýstu þeytinum á ásinn þar til hann smellur í stað. (Sjá mynd 3)
3. Snúðu festiplötunni réttsælis þar til göt blandarans eru samstillt við stöður kl. 3 og 9. Láttu króka blöndunarskálar flútta og settu þá í gegnum plötuna og í undirhlutann (A). Læstu loks blöndunarskálinni með því að snúa festiplötunni réttsælis þar til hún hættir að snúast og flipinn er í Læstri stöðu (B). (Sjá mynd 4)
4. Skiptu um slönguna á blöndunarskálinni (C) og smelltu úttakinu á blöndunarbakkanum. Lokaðu stjórnborðinu (E) og kaffivélin fer sjálfkrafa í hefðbundna afgreiðslu. (Sjá mynd 5)
5. Skjárinn mun sýna ***SETJA AFTUR UPP HREINA BLÖNDUNARSKÁL, ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ STAÐFESTA***. Ýttu á ENTER. (Sjá mynd 6).




Mynd 4




Mynd 5




Mynd 6

# 7- Þrif

## 7.10 Endurnýjun kaffihylkja og skolun úttaka



Mynd 1




Mynd 2




Mynd 3




Mynd 4

1. Þegar kaffihylkin eru fjarlægð mun skjárinn sýna:
   ***KOMA AFTUR FYRIR KAFFIHYLKJUM***
   Komdu kaffihylkjunum aftur fyrir ef þau eru ekki útrunnin.Ef þau eru útrunnin skaltu skipta þeim út fyrir ný (sjá mynd 1).

2. Þegar báðum hylkjum hefur verið komið á sinn stað í kælihólfinu mun skjárinn sjálfkrafa halda áfram og sýna:
   ***SETTU AÐ LÁGMARKI 3 L ÞRÝSTU Á ENTER TIL AÐ HEFJA SKOLUN***

3. Fjarlægðu lekabakkann og settu 3 lítra ílát (sjá mynd 2) undir drykkjarúttaksrörin, ýttu síðan á **ENTER**.

4. Ýttu á **ENTER** til að byrja að skola drykkjarúttaksrörin (sjá myndir 3-4).

   ***VARÚÐ HEITIR VÖKVAR*** birtist á skjánum.

   Losaðu þig við skolvatn þegar þessu er lokið og skiptu um lekabakka. Kaffivélin er tilbúin til notkunar.

***Viðvörun:***
Vatnið sem afgreitt er er heitt! Forðastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá kaffivélinni í skolferlinu. Aldrei skal leyfa börnum að framkvæma þrifverklag.

# 7- Þrif

## 7.11 Þrif á svamploftsíu



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

1. Fjarlægðu festingarskrúfuna og opnaðu fjarlægjanlega loftræstilokið til að fá aðgang að svamploftsíu. (Sjá mynd 1)
2. Skolaðu loftsíuna og hlífina með volgu vatni til að fjarlægja uppsafnað ryk. Þrýstu umframvatni úr svamploftsíunni og þurrkaðu hlífina með handklæði til að hindra að vatn berist í loftinntakið. (Sjá mynd 2)
3. Skiptu um loftsíuna og loftræstilokið og festu aftur með festingarskrúfunni. Ekki herða skrúfuna of mikið. (Sjá mynd 3)

***Ath.:***
Loftsíuna verður að þrífa einu sinni í mánuði við venjulegar aðstæður eða tvisvar í mánuði við aðstæður þar sem mikið ryk er.

# 7- Þrif

## 7.12 Þrif á vatnsgeymi



Mynd 1




Mynd 2




Mynd 3



Mynd 4

1. Fjarlægðu vatnsgeyminn með því að lyfta honum lítillega og toga hann síðan beint út. (Sjá mynd 1)
2. Þvoðu vatnsgeyminn með hreinu vatni, 20-40 °C. Nota má hreinsiefni sem hæft er til matvælavinnslu ef þörf krefur. (Sjá mynd 2)
3. Skolaðu vatnsgeyminn vandlega með hreinu vatni, 20-40 °C. (Sjá mynd 3)
4. Endurfylltu vatnsgeyminn upp að MAX-merkinu með fersku og hreinu vatni og komdu honum fyrir í kaffivélinni. (Sjá mynd 4)

# 8- Forritun notanda

## 8.1 Virkjun stjórnandastillingar



Fjarlægðu lokið og komdu fyrir minnislykli stjórnanda sem fylgir með.
Það ræsir stillingu stjórnanda þegar í stað.
Fyrsta valmyndaratriðið (**UI stillingar**) er birt.
Eftirfarandi valmyndir eru tiltækar:

- **UI stillingar** - velja bakgrunn, birtustig og töf fyrir birtudeyfi
- **Drykkjarstillingar** - breyta stillingum fyrir drykki
- **Drykkjarstillingar** - breyta stillingum fyrir drykki
- **Endurstillanlegir teljarar** - lesa og endurstilla teljara
- **Fastir teljarar** - lesa teljara
- **Síuteljarar** - stilla viðvörun fyrir síuskipti
- **Viðhald** - Þrif, skolun og kalkhreinsun
- **Dagsetning tími** - stilla dagsetningu og tíma
- **Þrifdagur** - stilla þrifdag
- **Sparnaðarstillingar** - stilla sparnaðartíma
- **Uppsetning drykkjasíðu** - velja hvaða drykkir eru í boði í drykkjarvalmyndinni
- **Uppsetning færibands** - velja hvaða drykkir eru í boði á færibandinu
- **Samskiptaupplýsingar** - slá inn samskiptaupplýsingar
- **Uppsetning greiðslu** - stilla verð á drykkjum og staðfesta tómt peningahólf
- **Könnustillingar** - stilla PIN-númer fyrir afgreiðslu (0000 gefur til kynna að ekki er þörf á PIN-númeri)
- **Happy hour stillingar** - stilla tímabil þegar drykkir eru ókeypis.

Vinsamlegast hafðu í huga að sum atriði kunna að hafa verið afvirkjuð af þjónustuaðilanum. Hafðu samband við birgja Cafitesse ef þú þarft að breyta stillingum þínum.

## 8.2 Stjórnbúnaður stjórnandastillingar




**1. Skjár**
**2. Tengi fyrir minnislykil**

***Ath.:***
Afgreiðsluforritun er ekki tiltæk alls staðar.Sumar valmyndir gætu verið afvirkjaðar en slíkt ræðst af afgreiðsluuppsetningu.

# 8- Forritun notanda

## 8.4 Læstar stillingaaðgerðir

Læst stilling veitir stýrðan aðgang að ýmsum aðgerðasamsetningum sem lýst er hér að neðan:




### Í stillingu fyrir greidd a drykki:

- Settu inn PIN-númerið til að virkja afgreiðslu á einum ókeypis drykk.
- Kaffivélin læsist aftur eftir einn drykk.

### Í ókeypis stillingu:

- Settu inn PIN-númerið til að læsa/aflæsa afgreiðslu.
- Settu inn PIN-númerið aftur til að afturkalla stillinguna.

Til að breyta læstri stillingu skal breyta virkni fyrir viðmót notanda eins og lýst er hér fyrir neðan:




### Læst stilling:

- Já = kveikt/slökkt á læstri stillingu með innsetningu PIN-númers
- Nei = slökkt á læstri stillingu

### Víxla á milli stilling:

- Já = veitir afgreiðslu á einum ókeypis drykk með hverju innslegnu PIN-númeri
- Nei = slökkt á víxlun læstri stillingu

# 8- Forritun notanda

## 8.4 Drykkjarstillingar

Í valmyndinni **Drykkjarstillingar** með því að toga sleðann til hægri eða vinstri getur þú stillt **Styrkleika** (A) fyrir hvern drykk og skoðað nýtt styrktarhlutfall (XX%) og stillt **Magn** (B) hvers drykkjar eftir stærð - **Lítil, miðlungs** og **stór**.



# 8- Forritun notanda

## 8.5 Endurstillanlegir teljarar

Í valmyndinni **Endurstillanlegir teljarar** getur þú skoðað afgreidda drykki frá síðustu endurstillingu og endurstillt teljara með því að velja hvern drykk fyrir sig og ýta síðan á **Valið** eða endurstilla alla teljara fyrir drykk í einu með því að ýta á **Alla**.






# 8- Forritun notanda

## 8.6 Fastir teljarar

Í valmyndinni **Fastir teljarar** getur þú skoðað heildarfjölda afgreiddra drykkja frá því kaffivélin var uppsett sem ný. Ekki er hægt að endurstilla þessa teljara.






# 8- Forritun notanda

## 8.7 Síuteljari

Í valmyndinni **Síuteljari** getur þú virkjað eða afvirkjað teljara vatnsrennslis og stillt viðvörunarmagn fyrir síuskipti með því að toga sleðann til vinstri eða hægri og skoða nýja magnið í lítrum (l) til hægri. Eftir að skipt hefur verið um síu má endurstilla teljarann með því að ýta á hnappinn **Endurstilla**.



# 8- Forritun notanda

## 8.8 Dagsetning/tími

Í valmyndinni **Dagsetning / Tími** getur þú stillt þá dagsetningu og tíma sem birtist á snertiskjánum.



# 8- Forritun notanda

## 8.9 Þrifdagur

Í valmyndinni **Þrifdagur** getur þú stillt þann dag sem kaffivélin óskar sjálfkrafa eftir þrifum með því að velja **Já** fyrir sjálfvirka beiðni á þeim degi eða **Nei** til að koma í veg fyrir þrifbeiðni á þeim degi.




Ef þú ert með Coffee-Coffee útgáfu þarf kaffivélin aðeins að keyra “**Þrif**” forritið einu sinni í viku. Þú getur valið þann dag sem þú kýst.
Ef þú ert með Milk útgáfu þarf kaffivélin að keyra “**Þrif**” forritið að minnsta kosti tvisvar í viku. Þú verður að velja að minnsta kosti tvo daga með hámarks bili á milli sem nemur þremur dögum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvaða daga má sameina (Gulur = Þrif):

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sun.** | Mán. | Þri. | **Mið.** | Fim. | Fös. | Lau. |
| Sun. | **Mán.** | Þri. | Mið. | **Fim.** | Fös. | Lau. |
| Sun. | Mán. | **Þri.** | Mið. | Fim. | **Fös.** | Lau. |
| Sun. | Mán. | Þri. | **Mið.** | Fim. | Fös. | **Lau.** |
| **Sun.** | Mán. | Þri. | Mið. | **Fim.** | Fös. | Lau. |
| Sun. | **Mán.** | Þri. | Mið. | Fim. | **Fös.** | Lau. |
| Sun. | Mán. | **Þri.** | Mið. | Fim. | Fös. | **Lau.** |

***Ath.:***
Þú getur stillt fleiri þrifdaga en lágmarksfjöldi daga segir til um, ef þörf krefur.

# 8- Forritun notanda

## 8.10 Sparnaðarstillingar

Í valmyndinni **Sparnaðarstillingar** getur þú virkjað eða afvirkjað sparnaðarstillingar (A), stillt sjálfvirka vakningu (B, gerir notanda kleift að trufla sparnaðarstillingu þegar þörf krefur til að laga drykk), stillt hitastig ketils í sparnaðarstillingu (C) og stillt klukkustundir á hverjum degi vikunnar fyrir sparnaðarstillingu (D).



# 8- Forritun notanda

## 8.11 Samskiptaupplýsingar

Í valmyndinni **Samskiptaupplýsingar** getur þú sett inn símanúmer notanda og þjónustu sem birtast þegar kaffivélin birtir villu eða tilkynnir notandanum að hafa samband við einhvern aðila til að fá aðstoð.



# 8- Forritun notanda

## 8.12 Bókhald

Í valmyndinni **Greiðsluuppsetning** getur þú lesið veltuna, athugað upphæðina í peningahólfinu, lesið heildartekjur, staðfest og tæmt peningahólfið (kaffivélin birtir viðvörun ef peningahólfið er fullt), valið greiðslustillinguna, valið gjaldmiðil og stillt verð á drykkjum.




***Ath.:***
Tákn, skjáskilaboð og virkni getur verið önnur en sýnd er á þessari síðu. Slíkt ræðst af því greiðslukerfi sem uppsett er í kaffivélinni. Hafðu samband við söluaðila okkar ef þú hefur fleiri spurningar varðandi sérsniðið greiðslukerfi.

# 8- Forritun notanda

## 8.13 Happy Hour

Í valmyndinni **Stillingar Happy Hour** getur þú stillt þrjá ókeypis afgreiðslutíma á öllum dögum þegar hægt er að afgreiða drykki án greiðslu (A) eða virkjað eða afvirkjað Happy Hour ef við á (B).



# 9- Bilanaleit

| Tákn | Skjáskilaboð | Orsök | Aðgerð |
|---|---|---|---|
|  | **Fylla á rétt hylki** | Tæma innihaldshylki (hægra megin) | Skipta um hægra innihaldshylki |
|  | **Fylla á vinstra hylki** | Tæma innihaldshylki (vinstra megin) | Skipta um vinstra innihaldshylki |
|  | **Fylla á bæði hylki** | Kaffihylkin eru:<br>1. Tómt<br>2. Ranglega sett í<br>3. Ekki til staðar | Skiptu um tóm kaffihylki.<br>Athugaðu hvort að kaffihylkið sé rétt sett í.<br>Komdu fyrir kaffihylki.<br>Hringdu í stjórnandann þegar númer er sýnt á skjánum. |
|  | **Vatn hitnar, augnablik** | Vatnið í katlinum hefur ekki ennþá náð nauðsynlegu hitastigi. | Afgreiðsla drykkja kaffivélarinnar er hindruð, þangað til að vatnið nær réttu hitastigi. |
|  | **Afgreiðsla drykkjar er læst** | Afgreiðsla drykkjar er hindruð vegna þess að Biðstaða/Hreinsa villu-hnappnum á kaffivélinni var ýtt inn. | Sláðu inn rétt PIN-númer til að aflæsa kaffivélina. |
|  | **Þrif nauðsynleg** | Kaffivélina verður að þrífa. | Keyrðu “Þrif” forritið innan 8 klukkustunda. Hringdu í stjórnandann ef númerið er sýnt á skjánum. |
|  | **Þrif nauðsynleg** | Afgreiðsla drykkja er hindruð vegna þess að kaffivélin var ekki þrifin eins og áætlað var. | Keyrðu “Þrif” forritið strax. Hringdu í stjórnandann ef númerið er sýnt á skjánum. |
|  | **Skipta um vatnssíu** | Skipta verður um vatnssíu kaffivélarinnar | Hafðu samband við þjónustu eða skiptu um vatnssíu. |

# 9- Bilanaleit

| Tákn | Skjáskilaboð | Orsök | Aðgerð |
|---|---|---|---|
| Texti í skilaboðasvæði 2 | **Vélin er í sparnaðarstillingu til xx:xx eða snertu skjáinn til að byrja** | Afgreiðsla drykkja er hindruð vegna þess að kveikt er á sparnaðarstillingu. | Sparnaðarstillingin mun hætta sjálfkrafa á stilltum tíma.<br>(Valkvæmt) Ýttu á drykkjarhnapp. Ketillinn fer að hitna, þú getur afgreitt drykk þegar hefðbundnu hitastigi er náð. Sparnaðarstilling endurvirkjast aftur eftir 10 mínútur eftir að ketill fer að hitna eða síðasti drykkur var afgreiddur. |
| Texti í skilaboðasvæði 2 | • **Vatnsáfylling tekur of langan tíma**<br>• **Loki sem lekur** | Villa í (vatns)kerfi | Athuga:<br>Hvort vatnsleiðsla í kaffivél sé stífluð/klemmd<br>Staðfestu að vatnskraninn sé opnaður að fullu.<br>Ýttu og haltu niðri LÆSA/HREINSA-hnappnum í 5 sekúndur til að endurræsa kaffivélina.<br>Hugsanlegur leki í kaffivélinni.<br>Hafðu samband við þjónustuaðila ef bilunin er enn til staðar. |
| Texti í skilaboðasvæði 2 | **Hitastig í kælihólfi er of hátt of lengi** | Kælingarvilla | Athugaðu loftræstisvæðið bakvið kaffivélina og umhverfishita kaffivélarinar og þrífðu loftsíuna / loftræstigrindina ef nauðsynlegt þykir.<br>Ýttu og haltu niðri LÆSA/HREINSA-hnappnum í 5 sekúndur til að endurræsa kaffivélina.<br>Hafðu samband við þjónustuaðila ef bilunin er enn til staðar. |
| Texti í skilaboðasvæði 2 | **Stjórnborð vatnsvinnslu fjarlægt.** | Stjórnborð vatnsvinnslu er ekki greint | Athugaðu hvort stjórnborð vatnsvinnslu sé ranglega komið fyrir eða vantar.<br>Hafðu samband við þjónustuaðila ef bilunin er enn til staðar |
| Texti í skilaboðasvæði 2 | **Blöndunarbakki ekki greindur** | Blöndunarbakki ekki greindur | Athugaðu hvort að blöndunarbakka sé ranglega komið fyrir eða vantar.<br>Hafðu samband við þjónustuaðila ef bilunin er enn til staðar |
|   | **Lekabakki fullur** | Lekabakki er fullur af vatni | Fjarlægðu lekabakka og tæmdu hann af úrgangsvatni. |
|  | **Vatnsílátið er tómt, fylltu á það** | Innri vatnsgeymir er tómur | Fjarlægðu innri vatnsgeym og fylltu hann með fersku kranavatni. Komdu honum aftur fyrir í kaffivélinni. Viðvörunin mun hverfa sjálfkrafa. |

Welbilt (Hangzhou) Appliance Technology Co., Ltd.
No. 800 Binkang Road, Binjiang District, Hangzhou, Zhejiang, China

www.creminternational.com